

**561. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38, 8.
október 2020
og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Guðni Ólafsson (GÓ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Lilja Magnúsdóttir (LM), Nancy Rut Helgadóttir (NRH) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

Oddviti býður fundarmenn velkomna og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 561 lögmætan.

Berglind Eir Egilsdóttir boðaði forföll og sat Nancy Rut Helgadóttir fundinn í hennar stað.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun Minjasafns Egils Ólafssonar 2021. - 2009311

Fjárhagsáætlun Minjasafns Egils Ólafssonar 2021 lögð fram.

Mál frá 58. fundi Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 23.09.2020.

Áætlunin er samþykkt samhljóða og vísað til gerðar fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins.

2. Gjaldskrá 2020 Tálknafjarðarskóli - 1910528

Tillaga að breytingu gjaldskrá leikskóladeildar Tálknafjarðarskóla.

Mál frá 39. fundi Fræðslu-, menningar-, íþrótt- og æskulýðsnefndar sem fór fram 28.09.2020.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

3. Fjárhagsáætlun 2021 - 2007024

Lögð fram tillaga sveitarstjóra um að útsvarshlutfalli ársins 2021 verði 14,52% í samræmi við 23. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu um að útsvarshlutfall ársins 2021 verði 14,52%.

Vegna ástands vegna Covid-19 samþykkir sveitarstjórn að falla frá því að halda íbúafund vegna fjárhagsáætlunar að sinni. Í staðinn verður íbúum gefinn kostur á að skila tillögum vegna fjárhagsáætlunargerðar með tölvupósti eða skriflega á skrifstofu sveitarfélagsins í síðasta lagi mánudaginn 19. október n.k. Sveitarstjóra er falið að kynna ákvörðun sveitarstjórnar með skýrum hætti.

4. Kvóti úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga og sérreglur sveitarfélaga - 2009245

Tölvupóstur frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu dags. 11.09.2020 þar varðandi úthlutun byggðakvóta til byggðalaga og sérreglur sveitarfélaga um úthlutun

byggðakvóta.

Jafnframt liggur fyrir tillaga Atvinnu- og hafnarnefndar frá 26. fundi hennar sem fór fram 28.09.2020 um að settar verði sérreglur fyrir Tálknafjörð með svipuðum hætti og gert var fyrir fiskveiðiárið 2019-2020.

BG og LM lýstu vanhæfi sínu í málinu samþykkti sveitarstjórn að þær myndu víkja við umfjöllun og afgreiðslu þessa mál.

Varafulltrúarnir Ingibjörg Jóna Nóadóttir og Jóhann Örn Hreiðarsson tóku sæti þeirra við afgreiðslu þessa máls.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu Atvinnu- og hafnarnefndar um að settar verði sérreglur fyrir Tálknafjörð með sama hætti og gert var fyrir fiskveiðiárið 2019-2020. Sveitarstjóra er falið að senda ráðuneytinu erindi þess efnis fyrir 15. október n.k.

5. Efnistökusvæði E6 í Norður-Botni - 2008156

Tillaga Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar frá 49. fundi nefndarinnar sem fór fram 29.09.2020 um að gefið verði út framkvæmdaleyfi til Artic Smolt vegna malarnáms í Norður Botni.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að framkvæmdaleyfið verði veitt.

6. Skólafestna Tálknafjarðarhrepps - 2006234

Skólafestna Tálknafjarðarhrepps lögð fram til staðfestingar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða skólafestnu Tálknafjarðarhrepps.

7. Skólavist á milli sveitarfélaga - 2010020

Samkomulag milli Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps um skólavist á milli sveitarfélaga lagt fram til staðfestingar.

Mál frá 57. fundi Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 03.09.2020.

Sveitarstjórn samþykkir samkomulagið samhljóða.

8. Atvinnu- og hafnarnefnd - 26 - 2009005F

Fundargerð 26. fundar Atvinnu- og hafnarráðs sem fór fram 28.09.2020 lögð fram til staðfestingar.

Fundargerðin er staðfest.

8.1 2004602 - Strandgata 39-41, sameining lóða

8.2 2007024 - Fjárhagsáætlun 2021

8.3 1809041 - Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031

8.4 2009245 - Kvóti úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga og sérreglur sveitarfélaga

8.5 2002243 - Áhættumat hafnaraðstöðu fyrir Tálknafjarðarhöfn

8.6 2007047 - Höfn Viðbragsáætlun Tálknafjarðarhafnar

9. Fræðslu-,menningar-,íþróttu-, æskulýðsnefnd - 39 - 2009004F

Fundargerð 39. fundar Fræðslu-, menningar-, íþróttu- og æskulýðsnefndar sem fór fram 28.09.2020 lögð fram til staðfestingar.

Fundargerðin er staðfest.

- 9.1 1809041 - Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031
- 9.2 1910528 - Gjaldskrá 2020 Tálknafjarðarskóli
- 9.3 2007024 - Fjárhagsáætlun 2021
- 9.4 2006234 - Skólastefna Tálknafjarðarhrepps
- 9.5 2007016 - Stöðuskýrsla
- 9.6 2002213 - Upplýsingagjöf skólastjóra 2020
- 9.7 2009247 - Kjarasamningur umfjöllun samninganefndar SNS um kjarsamning FL

10. Byggingar-,skipulags- og umhverfisnefnd - 49 - 2009003F

Fundargerð 49. fundar Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar sem fór fram 29.09.2020 lögð fram til staðfestingar.

Fundargerðin er staðfest.

- 10.1 1902411 - Breyting á aðalskipulagi
- 10.2 1902432 - Breyting á deiliskipulagi - Norður botn
- 10.3 2009255 - Umsókn um breytingu á deiliskipulagi
- 10.4 2008156 - Efnistökusvæði E6 í Norður-Botni
- 10.5 2009330 - Fyrirspurn um staðsetningu rafstöðvar
- 10.6 2007024 - Fjárhagsáætlun 2021

Sveitarstjóra er falið að ræða við landeigendur í Stóra-Laugardal um mögulega stækkun á kirkjugarðinum þar.

11. Uppgjör milliuppgjör - 2009334

Milliuppgjör samstæðu Tálknafjarðarhrepps dags. 31.07.2020 unnið af KMPG lagt fram.

Lagt fram.

12. Leyfi nýr handhafi starfsleyfis - 2010015

Tölvupóstur frá Umhverfisstofnun dags. 05.10.2020 ásamt fylgigögnum þar sem tilkynnt er um að Arnarlax sé orðinn nýr handhafi starfsleyfis Bæjarvíkur á Gileyri við Tálknafjörð.

Lagt fram til kynningar.

13. Áskorun - félag íslenskra handverksbrugghúsa - 2009259

Tölvupóstur frá Samtökum íslenskra handverksbrugghúsa dags. 11.09.2020 þar sem áskorun til dómsmálaráðherra, alþingsmanna og sveitarstjórnarfólks er komið á framfæri.

Lagt fram til kynningar.

14. Aðalfundarboð Hvetjanda hf. - 1. október 2020 - 2009278

Erindi frá stjórn Hvetjanda hf. eignarhaldsfélagi dags. 15.09.2020 ásamt fylgigögnum þar sem boðað er til aðalfundar sem for fram 01.10.2020.

Lagt fram til kynningar.

15. Stöðuskýrslur uppbyggingarteymis - 2007054

Stöðuskýrsla frá Teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar Covid-19 dags. 27.08.2020 lögð fram.

Lagt fram til kynningar.

16. Girðingar starfshópur, girðingar umbætur og hagræðing. - 2009342

Bréf frá Vegagerðinni dags. 28.09.2020 þar sem tilkynnt er um skipan starfshóps um girðingar á vegum opinberra aðila.

Lagt fram til kynningar.

Sveitarstjóra er falið að koma sérstöðu og hagsmunum Tálknafjarðarhrepps vegna þessa á framfæri við starfshópinn.

17. Upplýsingagjöf sveitarstjóra - 1902453

Minnisblað sveitarstjóra um stöðu verkefna er lagt fram.

Lagt fram til kynningar og rætt.

18. Fundargerðir 2020 Fjallskilaneftndar - 2002228

Fundargerð 24. fundar Fjallskilaneftndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 17.09.2020 lögð fram.

Fundargerð lögð fram.

19. Fundargerðir 2020 samráðsneftndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps - 2008190

Fundargerð 58. fundar Samráðsneftndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 23.09.2020 lögð fram.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

20. Fundargerðir 2020 Vestfjarðarstofu - 2003304

Fundargerðir 28. fundar stjórnar Vestfjarðarstofu sem fór fram 23.06.2020 og 29. fundar stjórnar Vestfjarðarstofu sem fór fram 18.08.2020 lagðar fram.

Fundargerðir lagðar fram.

21. Fundargerðir 2020 Samband íslenskra sveitarfélaga - 2002160

Fundargerðir 887. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fór fram 25.09.2020 og 888. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fór fram 29.29.2020 lagðar fram.

Fundargerðir lagðar fram.

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:45.

Bjarnveig Guðbrandsdóttir
(BG)

Guðni Ólafsson (GÓ)

Björgvin Smári Haraldsson
(BSH)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Nancy Rut Helgadóttir (NRH)
